

## Aðalfundur Leiknar

**Priðjudaginn 19. apríl kl. 15-17.**

**Fræðsluerindi hefst. kl. 14.**

Aðalfundur Leiknar fyrir starfsárið 2015-2016 var haldinn hjá Iðunni Fræðslusetri, Vatnagörðum 20, 104 Reykjavík. (12. Aðalfundur)

Mættir voru 15 af 19 stofnaðilum:

**Símey:** Erla Björg Guðmundsdóttir

**Félagsmálaskóli alþýðu:** Eyrún Valsdóttir

**Fræðslumiðstöð Vestfjarða:** Puríður Sigurðardóttir

**Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi:** Guðrún Vala Elísdóttir

**Endurmenntun Landbúnaðarháskólans:** Guðrún Lárusdóttir

**Fræðslusetrið Starfsmennt:** Hulda Anna Arnljótsdóttir

**Viska- Vestmannaeyjum:** Valgerður Guðjónsdóttir

**Fræðslunet Suðurlands:** Ásmundur Sverrir Pálsson

**Framvegis:** Sólveig Hildur Björnsdóttir

**Farskólinn á Norðurlandi vestra:** Bryndís Þráinsdóttir

**Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum:** Guðjónína Sæmundsdóttir

**Farskólinn á Norðurlandi vestra:** Bryndís Þráinsdóttir

**Fræðslunet Suðurlands:** Eyjólfur Sturlaugsson

**Fjölmennt:** Helga Gísladóttir

**Austurbrú:** Guðrún Á Jónsdóttir

**IDAN fræðslusetur:** Ólafur Ástgeirsson

Hulda Anna Arnljótsdóttir formaður Leiknar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna um leið og hún stakk upp á Ólafi Ástgeirssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt. Ólafur fór yfir dagskrá og stakk upp á Guðrúnu Völu Elísdóttur sem fundarritara, sem einnig var samþykkt. Fundarmenn höfðu fengið fundargögn send fyrirfram en þeim var einnig dreift á staðnum. Fundarstjóri kannaði hvort gerðar væru athugasemdir við boðun eða lögmæti fundar og var svo ekki. Var síðan gengið til dagskrár aðalfundar samkvæmt 12. gr. samþykka Leiknar.

### 1. Skýrsla stjórnar

Hulda Anna Arnljótsdóttir kynnti skýrslu stjórnar sem dreift var á fundinum og reifaði helstu verkefni og áherslur starfsársins á glærum. Rifjaði upp aðalfund frá því fyrra sem haldinn var í MSS í Keflavík,

og segir frá stjórn. Ákveðið var að varamenn taki þátt í öllum fundum. Farið var yfir fjölda stjórnarfundna sem bæði voru staðbundnir og á netinu. HAA reifaði helstu verkefni starfsársins. Hún fór yfir efnisval og fjölda fjarfræðsluerinda sem alls voru sex talsins og voru talin vel heppnuð. Sjöunda fræðsluerindið frestaðist og verður haldið í lok apríl.

Innra starf fólst í eftirfarandi:

- a) Hugmyndavinna um stefnumótun og hvort fjölga eigi aðildarfélögum.
- b) Leikn tók þátt í vinnuhópi um íslenska hæfniramma náms og starfa.
- c) Stjórn fjallaði um lagabreytingar og ákveðið að ekki væri þörf á þeim að þessu sinni.
- d) Alþjóðlegt samstarf bæði norrænt og evrópskt á sviði fullorðinsfræðslu; Nordic Baltic og EAEA og EPALE.
- e) Þátttaka í samstarfs og þróunarverkefnum; *Fullorðinsfræðsla og lykilhæfni náms* en NLV stýrði því verkefni, Leikn á fulltrúa í samráðshópi GOAL, verkefni sem snýst um ráðgjöf og leiðögn fyrir fullorðna sem námsmenn.
- f) Samnorrænt verkefni í fullorðinsfræðslu um flóttamenn og virkni á vinnumarkaði, hefst á árinu 2016.

Fundarstjóri þakkað formanni fyrir kynningu á ársskýrslu og vék sér að næsta dagskrárlið.

## 2. Endurskoðaðir reikningar félagsins

Guðrún Lárusdóttir, gjaldkeri tók við og fór yfir reikninga félagsins og bar saman áætlun og lokauppgjör. Reikningar voru undirritaðir af stjórn og kjörnum endurskoðendum, þeim Ásmundi Sverri Pálssyni og Valgeiri Magnússyni. Tekjur Leiknar á árinu 2015 voru kr. 1.219.617 (áætlun var kr. 1.120.000) og gjöld kr. 1.439.587 (áætlun kr. 1.400.000). Rekstrartap var -219.970 en var áætlað kr. -280.000. Eignir í árslok voru kr. 1.221.197. Gerð var grein fyrir ferðakostnaði vegna erlends samstarfs.

## 3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Fundarstjóri gaf orðið laust um ársreikninga og ársskýrslu og að þeim loknum var ársreikningur samþykktur samhljóða með handaupprettingu.

## 4. Fjárhags- og rekstraráætlun og ákvörðun um árgjöld

Fjárhags- og rekstraráætlun 2016. Miðað er við 965.000 í tekjur (950.000 í félagsgjöld og 15.000 í vaxtatekjur) og gert ráð fyrir útgjöldum upp á 1.190.000 og því gert ráð fyrir halla í rekstri kr. 225.000. Stjórnin lagði til að árgjald yrði óbreytt kr. 50.000 á hvern stofnaðila og var það samþykkt samhljóða.

## 5. Kosning formanns

Hulda A. Arnljótsdóttir var endurkjörin formaður Leiknar og var það samþykkt með lófaklappi.

## 6. Kjör stjórnar

Á síðasta aðalfundi var stjórn kosin til tveggja ára. Sólveig Hildur Björnsdóttir í Framvegis gefur ekki kost á sér áfram og í staðinn fyrir hana kom inn Anna Kristín Gunnarsdóttir frá Mími. Áfram sitja því í stjórn þær Guðrún Lárusdóttir Endurmenntun Lbhí, Guðrún Vala Elísdóttir Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi, Puríður Sigurðardóttir frá Fræðslumiðstöð Vestfjarða og í varastjórn Helga Gísladóttir frá

Fjölmennt og Ólafur Ástgeirsson frá Iðunni Fræðslusetri. Fundarstjóri bauð nýja stjórn velkomna til starfa og þakkaði Sólveigu Hildi vel unnin störf .

## 7. Kosning skoðunarmanna reikninga

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir þeir Eyjólfur Sturlaugsson og Valgeir Magnússon.

## 8. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lagðar til.

## 9. Önnur mál

Endurkjörinn formaður Hulda Anna þakkar traustið. Hún vill áfram vinna vel, efla starfið, upplýsinga- og nútímavæða.

Rætt um hvort sameining Kvasis og Leiknis standi til, enda gæti það einfaldað, gert gegnsærra og verið sterkara saman. Í þessum geira *menntun og ævinám* eigum við að fylgjast með þessari þróun og taka þátt í því og breikka.

Ekki fleira gert og fundi slitið.

Guðrún Vala Elísdóttir